

5. fundur velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifsstofu Hveragerðisbæjar miðvikudaginn 14. desember 2011 og hófst kl. 17.00 Mættir voru: Unnur Þormóðsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir, Jón Páll Kristófersson, Helena Helgadóttir, Alma Anna Oddsdóttir, og María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

- 1. Trúnaðarmál.** Fundargerðir teymisfundar dags. 30.11.11 og 14.12.11 lagðar fram til staðfestingar. 2 mál færð í trúnaðarmálabók.
- 2. Félagsmálastjóri lagði fram drög að starfsáætlun fyrir árið 2012.** Nefndin fór yfir drögin sem eru metnaðarfullt skref að bættri þjónustu við íbúa svæðisins. Nefndin samþykkir áætlunina.
- 3. Umsögn Velferðarnefndar vegna tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni:**  
Að mati Velferðarnefndar er mikilvægt að bjóða upp á heimsóknir til eldri borgara sem ekki njóta heimaþjónustu. Velferðarnefnd hefur í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands tekið þátt í heilsueflandi heimsóknum til eldri borgara, en þær heimsóknir eru skipulagðar af Heilbrigðisstofnuninni. Heimsóknir hafa verið farnar einu sinni á ári og til allra sem náð hafa 80 ára aldri og njóta ekki heimahjúkrunar né heimaþjónustu. Þessi þjónusta er ekki lögbundin og hefur bæst við vinnu starfsmanna. Er það mat nefndarinnar að það sé mikilvægt að félagsþjónusta og heilsugæsla vinni saman að þessu verkefni og að kostnaður vegna þess skiptist niður á báða aðila.
- 4. Velferðarráðherra hefur tekið ákvörðun um að atvinnuleitendur sem hafa verið á atvinnuleysisbótum í 42 mánuði eða lengur missi bótaréttinn í þrjá mánuði næsta sumar og mun þá hluti þeirra eiga rétt á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum.**  
Velferðarnefnd telur eðlilegt að sveitarfélögin fái aukið hlutfall af tryggingagjaldi til að mæta auknum kostnaði vegna fjárhagsaðstoðar í tengslum við ákvörðun Velferðarráðherra. Áætlað er að um 1,5 milljarður falli á sveitarfélögin vegna þessa gjörnings.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18.20

Unnur Þormóðsdóttir

Harpa Dís Harðardóttir

Jón Páll Kristófersson

Helena Helgadóttir

Alma Anna Oddsdóttir

María Kristjánsdóttir



